Opið bréf til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Að gefnu tilefni viljum við undirritaðir upplýsa nýja bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um aðstöðumun eiganda þeirra fjölmörgu handfærabáta sem gera út frá Suðureyri gagnvart annarri útgerð á staðnum. Og það óréttlæti sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ástundað undanfarin ár við úthlutun byggðarkvóta til útgerða með lögheimili á Suðureyri sem stunda handfæraveiðar. Þær telja 14 í dag.

Til útskýringar má geta þess að 4 línubátar gera út frá Suðureyri mestan hluta úr árinu. Kvótastaða þeirra telst þokkaleg í dag. Sérstaklega eftir að 400 tonna viðbótarúthlutun frá Byggðastofnun kom í þeirra hlut síðasta haust. Þrátt fyrir umsóknir smærri útgerða á Suðureyri um þann kvóta.

Þrátt fyrir ágæta kvótastöðu stærri útgerða á Suðureyri hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ítrekað hundsað jafnræði í úthlutun byggðarkvóta til minni útgerða á staðnum. Til að mynda var jafnræðið ekkert í fyrra. Og öllum kvótanum úthlutað eftir veiðireynslu. Þetta gerði það að verkum að flestar minni útgerðir á staðnum fengu sirka 1 tonn í sinn hlut af 124 tonna byggðarkvóta. Megnið af byggðarkvótanum fór til þriggja báta sem gera út á línu.

Til samanburðar má geta þess að mörg sveitarfélög skipta góðum hluta byggðarkvótans jafnt á milli þeirra skipa sem hafa rétt á úthlutun. Eru 30% jöfn skipti á þessu fiskveiðiári því spor í rétta átt. Aðstæður geta vissulega verið mismunandi eftir byggðarlögum og jöfn skipting erfið í framkvæmd, fáir bátar til að veiða byggðarkvótann og annað. Þær aðstæður eiga ekki við um Suðureyri.

Nýjasta útspil bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á úthlutun byggðarkvóta Suðureyrar er samt eitthvað sem verður ekki flokkað undir annað en lítilsvirðingu gagnvart smábátasjómönnum á Suðureyri. Hún er sú að erlendir túristar á sjóstangveiðum fá að veiða góðan part af byggðakvóta Suðureyrar sem verður úthlutað til fyrirtækis sem er skráð í öðru byggðarlagi með hótel og veitingarekstur.

Til að ná því fram hefur þurft mikinn vilja innan bæjarstjórnarinnar. Bæði við það að koma túristaútgerðinni að borðinu ásamt því að breyta byggðakvóta Suðureyrar í sveitarfélagskvóta. Allar almennar reglur um úthlutun byggðakvóta eru hunsaðar og þeim breytt til að þóknast þessu eina fyrirtæki sérstaklega.

Gaman væri að sjá greinagerðina sem bæjarstjórnin sendi ráðaneytinu til að koma þessum breytingum í gegn. Skýrt er tekið fram í 2. grein reglugerðar um úthlutun byggðarkvóta að allar breytingar á almennu reglunum skulu byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Á sama tíma og bæjarstjórnin tekur ákvarðanir þess efnis að erlendir túristar séu betur til þess fallnir að veiða byggðarkvóta Suðureyrar, í stað þess að þær 14 handfæraútgerðir sem lifa og starfa á Suðureyri fái að njóta hans þá eru haldnir neyðarfundir í atvinnumálum byggðarlaga sveitarfélagsins.

Væri ekki nær að leyfa þeim fjölmörgu smáfyrirtækjum sem starfa í þessum smáu byggðarkjörnum að njóta þess stuðnings sem er í boði til að vaxa og dafna? Það ætti öllum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að vera ljóst að sá byggðarstuðningur sem felst í úthlutun og veiðum á byggðarkvóta Suðureyrar er mikilvægur þeim fjölda sem stunda smábátaútgerð á Suðureyri og fjölskyldum þeirra.

Að útdeila þessum stuðningi til veiða fyrir erlenda túrista á skemmtibátum, er ólíðandi með öllu. Það er sorglegt að kjörnir fulltrúar sem eiga að gæta jafnræðis skuli snúa allri eðlilegri stjórnsýslu á hvolf, til að þóknast sérhagsmunum fárra. Nær væri að styðja betur við bakið á þeim fjölmörgu smáfyrirtækjum sem starfa innan sveitarfélagsins. Með því að styðja við smáfyrirtækin innan byggðarkjarna sveitarfélagsins og gefa þeim tækifæri til að dafna skapast meiri verðmæti og stöðugleiki í atvinnumálum.Og vonandi færri neyðarfundir um atvinnumál innan sveitarfélagsins.

Viljum við undirritaðir útgerðarmenn og áhugafólk um öfluga smábátaútgerð á Suðureyri mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við skiptingu byggðarkvóta Suðureyrar og hvetja bæjarstjórnina til að hætta að þóknast sérhagsmunum þeirra stærri. Ásamt því að hafa jafnræði og eðlilega stjórnsýslu að leiðarljósi í framtíðar ákvörðunum sínum.

Suðureyri 3. feb. 2015

Virðingarfyllst,

Unnsteinn Óskar Guðmundsson, Steindór I Kjellberg, Sigurvin Magnússon, Þorsteinn H Guðbjörnsson, Hilmar O Gunnarsson, Kjartan Þór Kjartansson, Guðbjörn Kristmannsson, Ólafur J Gústafsson, Höskuldur Ástmundsson, Valdimar Hreiðarsson, Hörður Ragnarsson, Anton Magnússon Guðmundur A Ingimarsson, Pálmar Jónsson, Guðmundur Svavarsson, Sigurður Þórisson.